

Starfshópur um nýtt dagforeldrakerfi

Erindisbréf - Starfshópur um nýtt dagforeldrakerfi

Starfshópurinn stafar samkvæmt samþykkt fræðsluráðs frá 24. febrúar 2016.

Skipan

- Þrjú fulltrúar fræðsluráðs
- Sviðsstjóri fræðslu- og frístundþjónustu
- Þróunarfulltrúi leikskóla

Hlutverk:

Hópurinn skal undirbúa hugsanlegar samningaviðræður bæjarins og dagforeldra í bænum. Markmið vinnunnar er að koma með tillögur að samræmingu við innritun barna í dagvistun hjá dagforeldrum og móta kröfur bæjarins hvað varðar dagvistun barna í heimahúsum. Hópurinn skal gera grein fyrir stöðu verkefnisins á fundi fræðsluráðs 23. mars næstkomandi og eftir það eins oft og þurfa þykir að mati ráðsins.

Tímarammi og umfang verkefnis.

Starfshópurinn haldi allt að 5 fundi og geri fræðsluráði grein fyrir stöðu verkefnisins í fyrsta sinn á fundi ráðsins 23. mars n.k. og síðan eftir framvindu þess.

Stefnt skal því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 1. Júní 2016.

Samþykkt í fræðsluráði 9. mars 2016

-Tillögur hópsins

Á síðustu mánuðum hefur verið starfræktur starfshópur um dagforeldrakerfið í Hafnarfirði. Starfshópurinn fundaði 6 sinnum og hefur kynnt sér kerfið sem er til staðar og mögulegar úrbætur.

Hópurinn hitti fulltrúa dagforeldra í Hafnarfirði, starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar og foreldra ungra barna. Þessir fundir eru mikilvægir liðir í að skoða hvernig kerfið gengur í dag og hvort það þarf úrbóta.

Dagforeldrakerfið í Hafnarfirði hefur lagast mikið á síðustu mánuðum og ári, fulltrúi dagforeldra í Hafnarfirði hefur fengið mikið hrós fyrir það sem hún hefur komið af stað og niðurstöður þessa starfshóps eru liður í að styrkja bæði störf fulltrúans og dagforeldra. Helsta markmið hópsins er að bæta þjónustu við notendur með því að einfalda kerfið og auka á gagnsæi.

Fulltrúar hópsins sáu fljótt við störf sín að margir töldu að upplýsingaflæði og einfaldleiki skipta mestu máli þegar kæmi að samskiptum ólíkra sviða og einstaklinga. Endurskoðun á dagforeldrakerfinu í bænum hefur áhrif á ólík svið innan bæjarins og marga ólíka einstaklinga. Vert er að minna á að dagforeldrar í Hafnarfirði eru sjálfstæðir atvinnurekendur og ekki starfsmenn bæjarins. Þeir vinna þrátt fyrir það mjög náið með bæði leikskóla- og dagforeldrafulltrúa bæjarins og eru mikilvægur hlekkur í þjónustu við fjölskyldufólk í Hafnarfirði.

Hópurinn leggur til að sett verði upp skráningarkerfi. Með því að einfalda skráningarkerfi, er þannig hægt að halda betur utan um allar upplýsingar til þess að hafa góða yfirsýn yfir daggæslu hjá dagforeldrum í bænum. Kerfið verður sett upp þannig að foreldrar geti sett inn val um dagforeldra, val 1, 2, 3 eða valið um að hafa ekkert val aðeins óska eftir fyrsta lausa plássi. Dagsetningar miða ávallt við 1. hvers mánaðar og foreldrar velji þá hvaða mánuð þau óska eftir því að barnið þeirra geti byrjað. Þessi skráning er ekki staðfesting á því að barnið þeirra geti byrjað hjá dagforeldri á umbeðnum degi. Einnig leggur kerfið upp með að foreldrar sækji um pláss hjá dagforeldri með að minnsta kosti 6 mánaða fyrirvara.

Einnig leggur starfshópurinn til að upplýsingagjöf til foreldra verði aukin og þeim leiðbeint hvernig skuli innrita börn sín til dagforeldra. Til dæmis með því að senda nýjum foreldrum bækling um ferlið.

Tilgangurinn með stofnun þessa starfshóps var að bæta þjónustu við foreldra í Hafnarfirði sem ekki geta nýtt sér leikskóla bæjarins. Starfshópnum var ætlað að kanna möguleikann á að koma á samstarfssamningi við þá dagforeldra í Hafnarfirði sem það kjósa. Eftirfarandi markmið eru sett af hálfu bæjarins í þessum efnum:

1. Að koma á einföldu og gagnsæju skráningarkerfi fyrir foreldra barna sem velja þjónustu dagforeldra.
 - a. Skráningarkerfið skal vera aðgengilegt foreldrum barna og dagforeldrum.
 - b. Kerfinu er ætlað að vera miðlæg skráningastöð fyrir umsóknir um daggæslu hjá dagforeldrum og þeim gert kleift að afgreiða umsóknir.
 - i. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að hvert barn sé marg skráð og þannig gefi betri mynd af biðlistum eftir plássum hjá dagforeldrum bæjarins.
 - c. Ekki er ætlunin að Hafnarfjarðarbær sjái um skráningu eða úthlutun pláss hjá dagforeldrum, en með þessu er bærinn að koma á móts við kröfu um bættu þjónustu og tryggja einfaldleika og gagnsæi í þessari þjónustu.
2. Gerð er krafa um að í væntanlegum samstarfssamningi sé gengið út frá því að að dagforeldrar hafi pláss fyrir amk þrjú börn með lögheimili í Hafnarfirði. Í sérstökum tilfellum er dagforeldrafulltrúa heimilt að veita undanþágur frá þessu ákvæði.
3. Á móti þessum skildum á dagforeldra hefur Hafnarfjarðarbær eða mun efna eftirtalin atriði: .
 - a. Hafnarfjarðarbær hefur breytt innritunartíma í leikskóla að ósk dagforeldra.
 - b. Einnig hefur Hafnarfjarðarbær breytt fyrirkomulagi þannig að foreldrar geta neitað leikskólaplássi einu sinni án þess að barnið missi mótframlag bæjarins vegna daggæslu hjá dagforeldri.
 - c. Þá mun Hafnarfjarðarbær bjóða dagforeldrunum afnot af íþróttasal fyrir börn í þeirra umsjá

- d. Eins verður skoðað að Hafnarfjarðarbær setji upp sjóð sem dagforeldrar geta sótt um styrk á leikföngum, námskeiðum eða bókum.
4. Hafnarfjarðarbær mun upplýsa foreldra á heimasíðu bæjarins um hvenær sé best að sækja um dagforeldra og með hvaða hætti.

Til þess að þetta sé mögulegt þá leggur hópurinn til að Hafnarfjarðarbær og allir þeir dagforeldrar sem sækja um starfsleyfi í bænum skrifi undir samstarfssamning. Við mælumst til þess að dagforeldrarnir sem skrifa undir samstarfssamning geti sótt um styrk í fræðslusjóði eða öðrum sjóði fyrir námskeið, bóka- eða leikfangakaup

Hópurinn fann það í samtölum sínum við bæði dagforeldra og notendur þjónustunnar að það yrði að liggja skýrt fyrir hvenær börnin komast inn á leikskóla svo hægt sé að skipuleggja sig fram í tímann. Leikskólar verða að gefa það út snemma á vorin hvenær aðlögun barna hefst eftir sumarfrí svo að dagforeldrar geti ráðstafað nýjum plássum.

Fulltrúar dagforeldra hafa óskað eftir því að fá áheyrnafulltrúa í Fræðsluráð þegar rætt er um málefni sem viðkemur þeim. Starfshópurinn leggur til að það verði skoðað og telur að það auki upplýsingagjöf.

Hafnarfirði, 31. janúar 2017
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
Karólína Helga Símonardóttir